



Mynd 1

---

## 36. FUNDUR VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS 8 MARS 2019

### FUNDARGERÐ

**Fundartími:** Föstudagurinn 8. mars 2019, kl. 13:00-15:00

**Fundarstaður:** Norræna húsinu

**Fundarmenn Vísinda- og tækniráðs:** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra (stýrði fundi til 13:45) Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, atvinnu- og nýsköpunarráðherra, (stýrði seinni hluta fundar), Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, Ragnheiður Magnúsdóttir, Ásdís Jónsdóttir, Jón Atli Benediktsson, Steinunn Gestsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Eyrún Valsdóttir, Halldór Björnsson, Sæmundur Sveinsson, Fríða Björk Ingvarsdóttir, Hilmar Bragi Janusson, Jón Gunnar Bernburg, Erla Björk Örnólfsdóttir, Unnur Anna Valdimarsdóttir

**Að auki sátu fundinn:** Elísabet M. Andrésdóttir (ritaði fundargerð), Steinunn Halldórsdóttir (mennta- og menningarmálaráðuneyti) Sigrún Ólafsdóttir (forsætisráðuneyti), Katrín Anna Guðmundsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti), Herdís Schopka (umhverfis- og auðlindaráðuneyti), Áslaug Einarsdóttir (heilbrigðisráðuneyti) Sigríður Valgeirsdóttir (atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti) Kristján Skarphéðinsson (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti) Hallgrímur Jónasson (Rannís) Gestir fundarins voru Huginn Þorsteinsson, Hanna Ragnarsdóttir og Heiðar Már Þráinsson.

#### 1. Setning fundar – drög að dagskrá, fundargerð samþykkt.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs setti fundinn og lagði fram drög að dagskrá. Hún var samþykkt. Fundargerð 35. fundar var samþykkt.

Formaður bauð nýja meðlimi ráðsins velkomna. Hún fór í stuttu máli yfir hlutverk ráðsins og tilkynnti um fundartíma framundan, 7. júní, 20. september og 22. nóvember.

Áður en gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár lagði formaður fyrir tvær tillögur. Annars vegar tillögu um skiptingu í starfsnefndir og hinsvegar tillögu um að unnin verði úttekt á því hvernig fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar dreifist milli landshluta. Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða.

#### 2. Tillögur úr skýrslu vinnuhóps um helstu álitamál er tengjast fjórðu iðnbyltingunni.

##### a. Huginn Þorsteinsson.

Huginn Þorsteinsson kynnti helstu niðurstöður vinnuhóps um fjórðu iðnbyltinguna. Í umræðum eftir kynninguna komu fram áherslur á það að stjórnvöld stýri þessari þróun eins mikið og kostur er og í því sambandi var bent á uppbyggingu menntakerfisins, stuðla að opnum aðgangi að vísindaniðurstöðum og gögnum, stuðning við almennung vegna fyrirsjáanlegra breytinga á vinnumarkaði.

## 2. Skilaboð til nýs ráðs frá formönnum starfsnefnda ráðsins.

Nefndir hafa hist einu sinni í nýju ráði og mikill áhugi er fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir. Þurfum að vera markviss og gæta þess að halda yfirsýn. Það liggur nú þegar fyrir verkefnalisti og fyrsta verkefnið er að huga að því að klára þær aðgerðir sem settar voru niður í tengslum við stefnumótun síðasta ráðs.

## 3. Stefna ráðsins 2017-2019. Staða aðgerða

Farið var stuttlega yfir aðgerðir og stöðu þeirra. Almennu gengur nokkuð vel að framfylgja stefnunni en aðgerðirnar eru mislangt komnar.

## 4. Örerindi og umræður

- a. Algrím til að finna örvökur í svefni - verkefnið hlaut Nýsköpunarverðlaun Forseta Íslands - Hanna Ragnarsdóttir og Heiðar Már Þráinsson

Hanna Ragnarsdóttir og Heiðar Már Þráinsson starfsnemar hjá Nox Medical og handhafar Nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands kynntu verkefnið sitt.

## 5. Endurskoðun lagaumhverfis Vísinda- og tækniráðs

Til stóð að Guðrún Nordal formaður starfsnefndar um endurskoðun laga kynnti stöðu mála en vegna forfalla hennar kynnti ferðamála-, atvinnu- og nýsköpunarráðherra minnisblaðið sem lagt var fyrir fundinn.

Hópurinn er um þessar mundir í vettvangsheimsóknum í völdum löndum, hafa nú þegar heimsótt Eistland og Finnlands og munu heimsækja Holland og Sviss fljótlega. Nefndin mun ræða við helstu hagaðila og skýrslu verður skilað í september.

Í umræðum komu fram ábendingar um að hafðar verði í huga hinar ýmsu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir, sérstaklega siðferðilegum álitamálum. Einnig var lögð áhersla á að samráð yrði haft við hagaðili og önnur stefnumótun höfð í huga svo sem nýsköpunarstefnan sem er í mótun. Einnig var bent á að mikilvægt væri að skoða hvað hefði gengið vel í tengslum við núverandi kerfi, eitt af því sem átti að gera var að breyta stofnanastrúktúr og gera hann skilvirkari. Af hverju tókst það til dæmis ekki.

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

## 7. Fundi slitið

Fundi slitið 14:25